

Samþykktir Hollvinafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja

1. grein: Nafn og aðsetur

Nafn félagsins er:

Hollvinafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Heimili þess og varnarþing er að Sunnubraut 36, 230 Reykjanesbæ. Skammstafað HFS.

Kennitala ~~xxxx-xxxx~~. Félagið var stofnað í Reykjanesbæ 24. september 2016.

2. grein: Tilgangur

Tilgangur félagsins er:

- Að styðja við uppbyggingu skólans og efla hag hans.
- Að efla og viðhalda tengslum félaga í HFS við skólann.
- Að efla tengsl skólans við atvinnulíf og samfélag og að efla samfélagslega ábyrgð
- Að efla tengsl milli nemenda, fyrrverandi nemenda og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti.
- Að miðla upplýsingum um starfsemi skólans og félagsins til félagsmanna.

3. grein: Starfsemi félagsins

Tilgangi sínum hyggst félagið ná:

- Með því að efla og viðhalda tengslum fyrri nemenda FS og félagsmanna HFS við skólann.
- Með því að fjalla á jákvæðan og uppbyggilegan hátt um starfsemi FS.
- Með því að afla fjár til stuðnings skólastarfi FS.
- Með því að hafa frumkvæði og taka þátt í einstökum verkefnum sem til heilla horfa fyrir skólastarfið.
- Með því að sinna öðrum málefnum og starfsemi skólans, í samráði við stjórnendur skólans, eftir því sem stjórn HFS og aðalfundur ákveða.
- Með því að halda uppi annarri starfsemi er stjórn félagsins og aðalfundur ákveða.

4. grein: Um aðild að félaginu.

Félagar geta allir orðið sem hafa lokið eða stundað nám við FS. Sama gildir um núverandi og fyrrverandi starfsmenn FS, ásamt foreldrum og öðrum forráðamönnum nemenda skólans.

Aðrir sem þess óska geta sótt um inngöngu og skal inntaka þeirra staðfest af stjórn HFS.

Skráning í félagið er á vefsíðu félagsins. Ef félagsmaður óskar skal hann tekinn af félagaskrá.

5. grein: Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð sjö félagsmönnum: Formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og

þemur meðstjórnendum. Stjórn skal kosin á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum og annast málefni félagsins milli aðalfunda.

6. grein: Fjármál

Félagið innheimtir félagsgjöld. Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi að tillögu stjórnar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skulu reikningar lagðir fram á aðalfundi.

7. grein: Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert, eigi síðar en 30. apríl. Til hans skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingu á heimasíðu skólans. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Framboð til stjórnar skulu hafa borist með minnst 7 daga fyrirvara. Tillögur sem leggja á fyrir aðalfund skulu hafa borist stjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Rétt til setu á aðalfundi hafa félagsmenn HFS. Dagskrá fundarins skal vera sem hér segir:

- Formaður setur fundinn.
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu
- Framlagning ársreikninga til umræðu og samþykktar
- Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins
- Aðrar tillögur rétt fram bornar
- Kosning stjórnar
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs
- Umræður og ákvarðanir um verkefni næsta starfsárs.
- Önnur mál

Einfaldur meirihluti félagsmanna ræður úrslitum mála á aðalfundi.

8. grein: Breytingar á samþykktum

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn félagsins með minnst 7 dögum fyrir auglýstan aðalfund.

9. grein: Slit félagsins

Tillögu um slit félagsins skal bera upp á aðalfundi. Verði félaginu slitið skulu eignir þess, ef einhverjar eru, renna til Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

10. grein: Gildistaka

Samþykktir þessar voru samþykktar á aðalfundi þann 29. nóvember 2016.

Reykjanesbær, 29. nóvember 2016

Bergný Jóna Sævarsdóttir

Garðar Þór Garðarsson

Guðbrandur Einarsson

Guðrún Hákonardóttir

Jóhann Friðrik Friðriksson

Jóhanna Helgdóttir

Sveindís Valdimarsdóttir

Þráinn Guðbjörnsson